

Samþykki tilboðs

Opin Kerfi Group hf. (Opin Kerfi Group), kt. 530891-1439, hefur gert hluthöfum í Skýrr hf. (Skýrr), kt. 590269-7199 tilboð í hluti þeirra í Skýrr. Tilboðið er gert með hliðsjón af 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, þó svo að skylda til yfirtökutilboðs skv. lögnum hafi ekki stofnast. Skiptigengi tilboðsins er 0,326983 hlutir í Opnum Kerfum Group fyrir hvern einn hlut í Skýrr, en frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi tilboðsyfirliti sem birt hefur verið í Kauphöll Íslands.

Að loknum fresti til að samþykkja tilboðið og að uppfylltum fyrirvara tilboðsins verða gefnir út nýir hlutir í Opnum Kerfum Group til að mæta kaupum á hlutum þeirra hluthafa í Skýrr sem samþykkja tilboðið. Samhliða verða hlutirnir skráðir í Kauphöll Íslands. Stefnt er að því að skiptin fari fram í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. eigi síðar en 22. ágúst 2003. Frá þeim tíma hafa hluthafar fulla heimild til ráðstöfunar hluta sinna og geta neytt allra þeirra réttinda sem hlutunum fylgja. Skiptin eru hluthöfum að kostnaðarlausu.

Ég, undirrituð/aður hluthafi í Skýrr, (vinsamlegast notið prentstafi)

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Sveitarfélag: _____

Símanúmer: _____

Samþykki hér með tilboð Opinna Kerfa Group, dagsett 8. júlí 2003, um að selja félaginu hlutabréf mín að neðangreindu nafnverði í Skýrr í skiptum fyrir hlutabréf í Opnum Kerfum Group á neðangreindu skiptigengi.

Kr. _____ x 0,326983 = kr. _____	
Nafnverð hlutafjár í Skýrr	Nafnverð hlutafjár í Opnum Kerfum Group

Ég, undirrituð/aður, lýsi því yfir að ég hef kynnt mér og sætti mig að fullu við tilboð og tilboðsyfirlit Opinna Kerfa Group. Jafnframt geri ég mér grein fyrir að samþykki mitt er bindandi.

Ég, undirrituð/aður, veiti hér með Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, fulla heimild til að annast skipti á rafrænum hlutabréfum mínum í Skýrr fyrir rafræn hlutabréf mín í Opnum Kerfum Group í samræmi við samþykki mitt á tilboði Opinna Kerfa Group. Hlutir þeir sem ég fæ í Opnum Kerfum Group í samræmi við samþykki mitt skulu vistaðir á sama VS-reikningi og hlutir mínir í Skýrr. Reikningurinn er hjá þeirri reikningsstofnun sem ég merki við hér að neðan;

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> Íslandsbanki hf. | <input type="checkbox"/> Kaupþing Búnaðarbanki hf. | <input type="checkbox"/> Landsbanki Íslands hf. |
| <input type="checkbox"/> Verðbréfastofan hf. | <input type="checkbox"/> SPRON | <input type="checkbox"/> Íslensk verðbréf hf. |
| <input type="checkbox"/> MP Verðbréf hf. | <input type="checkbox"/> Sparisjóður Hafnarfjarðar | <input type="checkbox"/> Sparisjóður Vélstjóra |
| <input type="checkbox"/> Önnur reikningsstofnun _____ | | <input type="checkbox"/> Ekki með VS-reikning |

Ef hluthafi er ekki með VS-reikning, þá felur samþykki þetta í sér heimild til handa Íslandsbanka hf. til að stofna slíkan reikning svo skiptin megi fara fram og verður sá reikningur einungis nýttur í þeim eina tilgangi.

Skipti á hlutabréfunum geta ekki farið fram nema bréfin séu veðbanda- og kvaðalaus. Íslandsbanki hf. áskilur sér rétt til að kanna að skiptin geti farið fram í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Æskilegt er að eiga VS-reikning hjá reikningsstofnun til þess að framangreind skipti geti átt sér stað. Til þess að eiga frekari viðskipti með bréfin er **nauðsynlegt** að eiga VS-reikning og vörslureikning hjá reikningsstofnun.

Þeim hluthöfum sem óska eftir að stofna VS-reikning og/eða vörslureikning hjá Íslandsbanka hf., til þess að geta átt frekari viðskipti með hlutabréfin, er vinsamlegast bent á að snúa sér til einhvers af útibúum Íslandsbanka hf. eða til Íslandsbanka - Eignastýringar, Kirkjusandi 2, Reykjavík, sími 440 4900.

_____ **Dagsetning**

_____ **Undirskrift og kennitala hluthafa**

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði hluthafa

_____ **Nafn og kt.**

Samþykki tilboðs verður að hafa borist undirritað fyrir kl. 16:00 mánudaginn 11. ágúst 2003 til Íslandsbanka hf., fyrirtækjapróunar, Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík.

_____ **Nafn og kt.**

OPIN KERFI

